

Greinargerð vegna auglýstrar stöðu umboðsmanns skuldara

Menntunar- og hæfniskröfur sbr. auglýsingu á Starfatorgi, sem og hjá birtungarmiðlum þ. 26.06.2010.

- Umsækjendur skulu fullnægja skilyrðum um menntun á háskólastigi og búa yfir viðtækri þekkingu og reynslu af málefnum á starfssviði stofnunarinnar: tveir umsækjendur voru kallaðir í viðtal og uppfylla þeir sett skilyrði.
- Mikilvægt er að viðkomandi búi yfir þekkingu og reynslu sem nýtist við stjórnun embættisins, Þá var jafnframt lögð áhersla á leiðtogaþæfni, sjálfstæð og fagleg vinnubrögð ásamt færni í mannlegum samskiptum og hæfni til að tjá sig í ræðu og riti. Þeir umsækjendur er kallaðir voru í viðtal uppfylltu allir hæfniskröfur.

Upphaflega sóttu tíu umsækjendur um auglýsta stöðu umboðsmanns skuldara, en þar af afturkallaði einn umsækjandi umsókn sína. Tveir af þeim níu umsækjendum er eftir stöðu voru kallaðir í viðtal.

Ásta Sigrún Helgadóttir:

Hefur staðgöða þekkingu og reynslu, sem nýtist við stjórnun embættisins. Ásta hefur verið forstöðumaður Ráðgjafastofu heimilanna frá 2003 og er enn, auk þess sem hún á sæti í undirbúningsnefnd er varðar embætti umboðsmanns skuldara. Ekkert í samtali bætti við umsókn né undirstrikaði burði Ástu til að leiða embætti umboðsmanns skuldara.

Runólfur Ágústsson:

Hefur staðgöða þekkingu og reynslu, sem nýtist við stjórnun embættisins. Runólfur hefur marktæka reynslu af stjórnun m.a. Háskólans á Bifröst, en áður vann hann sem sýslumannsfulltrúi til nokkurra ára og annaðist m.a. þinglýsingar, aðfarargerðir og nauðungarsölur auk þess að sinna málflutningi í opinberum málum fh. embættisins. Hann hefur að auki komið að uppbyggingu nýrra stofnana s.s. Keilis og er nú stjórnarformaður Vinnumálastofnunar og leiddi sérstakt átak gegn atvinnuleysi ungs fólks, “Ungt fólk til athafna”, þar sem hátt í þrjú þúsund ungir atvinnuleitendur hafa fengið úrræði við hæfi nú þegar. Samtal bætti við umsókn og undirstrikaði burði Runólfs til að leiða embætti umboðsmanns skuldara.

Ásta Sigrún Helgadóttir uppfyllir hámarkskröfur, skor alls 21.

Runólfur Ágústsson uppfyllir hámarkskröfur, skor alls 23.

Auglýst staða umboðsmanns skuldara

Meintunar- og hæfniskröfur:

Fullnægja skilyrðum sbr. auglýsingu

SKOR

uppfylla sett skilyrði

3 Ásta Sigrún Helgadóttir
3 Runólfur Ágústsson

Marktæk þekking og reynsla sem nýfist í starfi

uppfylla sett skilyrði

3 Ásta Sigrún Helgadóttir
3 Runólfur Ágústsson

Leiðtogaþæfni, sjálfstæð og fagleg vinnubrögð

2 Ásta Sigrún Helgadóttir
3 Runólfur Ágústsson

Hæfni í mannlegum samskiptum

3 Ásta Sigrún Helgadóttir
3 Runólfur Ágústsson

Hæfni til að tala sig í ræðu og mið

3 Ásta Sigrún Helgadóttir
3 Runólfur Ágústsson

Frammistaða í viðtali

2 Ásta Sigrún Helgadóttir
3 Runólfur Ágústsson

Hæfni í mannlegum samskiptum skv. umsagnarabílitum

3 Ásta Sigrún Helgadóttir
2 Runólfur Ágústsson

Umsagnir / meðmæli um hæfni

Ásta fær góðar umsagnir og talin að mati umsagnarabíla hæf til starfsins.
Runólfur fær góðar umsagnir og talinn að mati umsagnarabíla hæfur til starfsins.

Skor: hámarkskröfur = 3 hæfni = 2 lágmarkskröfur = 1

Umsækjendur er uppfylla sett skilyrði:

Eftirfarandi er mat á hæfni þeirra umsækjenda er helst koma til greina.

Ásta Sigrún Helgadóttir uppfyllir sett skilyrði og hefur marktæka reynslu og þekkingu sem nýfist í starfi.
Runólfur Ágústsson uppfyllir sett skilyrði og hefur marktæka reynslu og þekkingu sem nýfist í starfi.

SKOR

21 háskólamenntun og marktæk reynsla
23 háskólamenntun og marktæk reynsla

Reykjavík 8. júlí 2010

Umsókn

Félags- og tryggingamálaráðuneyti

Undirrituð sækist hér með eftir embætti umboðsmanns skuldara.

Ég er lögfræðingur að mennt og hef stjórnað Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna frá september 2003. Að mínu mati á ég auðvelt með mannleg samskipti. Ég hef starfað sem stjórnandi síðastliðin sjö ár og hef því stjórnunarreynslu. Ég er samviskusöm, jákvæð og sveigjanleg. Það á vel við mig að vinna í hópi og hef ég gaman af því að vinna með öðrum að verkefnum.

Ég hef haldið marga fyrirlestra og komið fram í fjölmiðlum vegna starfa minna og tel mig hafa öðlast góða reynslu í þeim efnum.

Ég lifi reglusömu lífi og ég reyki ekki. Ég er gift Þorsteini Einarssyni hæstaréttarlögmanni og eigum við tvö börn, Einar Geir Þorsteinsson f. 1990 og Guðlaugu Dóru Þorsteinsdóttur, f. 1995. Ég hef mikinn áhuga á málefnum fjölskyldunnar almennt og þjóðfélagsmálum. Ég hef gaman af lestri góðra bóka og að fara í leikhús. Einnig hef ég gaman af útivist, golfi og ferðalögum bæði innanlands og erlendis. Ég er mjög áhugasöm um fréttir og þjóðmál og fylgist mjög vel með slíkum málum.

Auðsótt mál er að hafa samband við þá umsagnaraðila sem tilgreindir eru í ferilskránni.

Með góðri kveðju,

Ásta Sigrún Helgadóttir

Ferilskrá



Nafn: Ásta Sigrún Helgadóttir
Fæðingardagur: 2. nóvember 1964
Heimilisfang: Hraunás 4 í Garðabæ
Sími: 565 6845/698 6845
Netfang: asta@rad.is

Námsferill

Héraðsdómslögmannsréttindi	1997
Embættispróf í lögfræði frá Háskóla Íslands	1993
Stúdentspróf frá Verslunarskóla Íslands	1984

Umsagnaraðilar

Brynjar Níelsson, hæstaréttarlögmaður, formaður Lögmannafélags Íslands	588 6020
Guðrún Ögmundsdóttir, fyrrv. alþingismaður og sérfræðingur í menntamálaráðuneyti	545 9500
Helgi I. Jónsson, dómstjóri Héraðsdóms Reykjavíkur	560 4900
Hildur Kr. Friðleifsdóttir, útibússtjóri aðalbanka Landsbanka Íslands	410 4000
Jóhann R. Benediktsson, framkvæmdastjóri og fyrrv. sýslumaður á Keflavíkurflugvelli	564 4413
Ólafur B. Þorvaldsson, hæstaréttardómari	899 4021
Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, alþingismaður og fyrrverandi formaður framkvæmdastjórnar Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna	551 1158
	895 0272

Starfsferill	
Ráðgjafarstofa um fjármál heimilanna	2003 -
Starfsheiti: Forstöðumaður	
<p>Ég hóf störf í september 2003 og starfa þar í dag. Ég sit í undirbúningsnefnd fyrir stofnun umboðsmanns (verkefnisstjórn). Ég er leiðbeinandi nemandi í Háskólanum í Reykjavík er ritar mastersritgerð sem fjalla mun um greiðsluaðlögun. Ég hef einnig verið í stundakennslu við Háskóla Íslands. Ég var skipuð í nefnd á vegum viðskiptaráðuneytis í mars 2007 (sem vann drög að frumvarpi um greiðsluaðlögun). Ég er fulltrúi Íslands í ECDN (European consumer Debt Network). Ég hef verið varamaður í úrskurðarnefnd um fæðingar- og foreldraorlof frá árinu 2003. Ég hef setið sem aðalmaður í yfirkjörstjórn Garðabæjar frá árinu 2002.</p>	
Félags- og tryggingamálaráðuneyti	1999 - 2003
Starfsheiti: Lögfræðingur	
<p>Í ráðuneytinu vann ég ýmis verkefni og var lengst af á skrifstofu jafnréttis og vinnumála. Ég var starfsmaður kærunefndar húsnæðismála og úrskurðarnefndar félagsþjónustu. Ég var fyrst á jafnréttissviði, en síðan á skrifstofu jafnréttis og vinnumála og bar þar ábyrgð á málefnum innflytjenda. Ég var verkefnisstjóri í sameiginlegu átaksverkefni ráðuneyta félags- og dómsmála er nefndist: Átak gegn verslun með konur. Í kjölfarið sat ég í norrænum og balteskum vinnuhópi vegna verkefnisins. Þetta var samstarfsverkefni Norðurlandanna og Eyrstrasaltslandanna. Ég starfaði við gerð lagafrumvarpa m.a. um atvinnuréttindi útlendinga og reglugerðir tengdar því. Ég vann að úrskurðum vegna synjana Vinnumálastofnunar um atvinnuleyfi útlendinga fyrir ráðherra. Ég sinnti einnig almennum lögfræðistörfum tengdum erlendum ríkisborgurum hér á landi og fólust þau störf einkum í því að svara fyrirspurnum bæði símleiðis og bréfleiðis. Ég sótti ýmsar ráðstefnur tengdu málefnum og árið 2002 fór ég í boði bandarískra stjórnvalda til Bandaríkjanna í þriggja vikna ferð þangað til að kynna mér málefni innflytjenda (International visitor program). Var mér boðið vegna starfa minna í félagsmálaráðuneyti.</p> <p>Ég starfaði sem ritari Flóttamannaráðs í mörg ár og hafði m.a. mikil samskipti við Rauða kross Íslands. Ég var formaður ýmissa nefnda er tengdust málefnum, m.a. Ráðgjafarhóps vegna Fjölmenningarseturs á Vestfjörðum, nefndum sem kanna áttu aðstæður erlends vinnuafls og útlendinga hér á landi. Einnig var ég formaður samstarfsnefndar skv. 25. gr. laga um atvinnuréttindi útlendinga. Ég var fulltrúi félagsmálaráðuneytis í norrænni nefnd (NSHF), sem m.a. safnar upplýsingum um málefni útlendinga á Norðurlöndum. Ég sat einnig í norrænni nefnd á vegum norrænu ráðherranefndarinnar (migrationudvalget). Ég samdi landsskýrslur og flutti erindi á ráðstefnum erlendis. Einnig var ég tengiliður (national liason) ECRI (European Commission against Racism and Intolerance) hér á landi og átti einnig sæti í ýmsum öðrum nefndum sem fjalla um málefni innflytjenda, t.d. í nefnd á vegum menntamálaráðuneytis vegna íslenskukennslu fyrir útlendinga. Ég sat einnig í samráðsnefnd á vegum Reykjavíkurborgar um málefni útlendinga. Ég sótti fundi hjá Evrópuráðinu m.a. vegna kynþáttafordóma. Ég fékk því fjölbreytta starfsreynslu í félagsmálaráðuneytinu sem hefur nýst mér vel.</p>	

Starfsferill

Félagsþjónustan í Reykjavík

1993 -1999

Starfsheiti: Lögfræðingur fjölskyldudeildar og Barnaverndarnefndar Reykjavíkur

Ég hóf þar störf eftir að ég útskrifaðist úr lagadeild HÍ árið 1993. Ég starfaði þar til ársins 1999. Í upphafi var ég eini lögfræðingur Félagsþjónustunnar og var það til ársins 1995. Ég vann m.a. við barnaverndarmál, öldrunarmál, húsnæðismál, mál vegna fjárhagsaðstoðar og fleira. Ég sá um öll mál sem fóru fyrir úrskurðarnefnd félagsþjónustu, mál varðandi nauðungarvistanir á sjúkrahúsum, sjálfræðissviptingar fyrir dómstólum, húsaleigubætur svo dæmi séu nefnd. Í starfi mínu var einnig fólgin öll lögfræðileg vinna fyrir Barnaverndarnefnd Reykjavíkur. Ég sá einnig um lögfræðilega ráðgjöf fyrir starfsmenn Barnaverndarnefndar Reykjavíkur. Auk framangreindra verkefna sá ég um ýmis samskipti við stofnanir, lögmennt og viðskiptavinum Félagsþjónustunnar bæði í formi bréfaskrífta og samtala. Ég annaðist öll samskipti við Barnaverndarstofu, svaraði fyrirspurnum frá henni og vann greinargerðir. Þessi talning er alls ekki tæmandi, en gefur vissa sýn á þau fjölbreyttu verkefni sem ég sinnti þar.

Árið 2003 var ég skipuð í starfshóp sem borgarstjórinn í Reykjavík skipaði í sem gerði tillögur um skipulag barnaverndar á vegum Reykjavíkurborgar og úrbætur á reglum og málsmeðferð barnaverndarmála. Starfshópurinn skilaði af sér tillögum til úrbóta.

Önnur störf

Ég hef setið í foreldraráði Flataskóla, Garðaskóla og Sjálandsskóla í Garðabæ.

Með námi starfaði ég m.a. hjá Héraðsdómi Reykjaness, lögfræðideild Landsbanka Íslands hf., Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis og við verslunarstörf.

Námskeið og ráðstefnur

Ég hef sótt ótal námskeið m.a. á vegum Endurmenntunarstofnunar Háskóla Íslands. Sem dæmi má nefna námskeið vegna stjórnáslags, upplýsingalags, lögræðislags og fl. Ég hef einnig sótt mörg námskeið vegna stjórnunar, samskipti á vinnustað, starfsmannasamtöl, vinnustaðavandamál og fl. Ég hef einnig sótt margar ráðstefnur bæði héraðs og erlendis, einkum í tengslum við barnarétt, barnavernd, félagsmálalöggjöf, málefni innflytjenda, greiðsluferðleika, fjármálastarfsemi svo að dæmi séu nefnd.

Tungumálakunnátta

Ég var í máladeild Verslunarskóla Íslands og er með stúdentspróf í ensku, dönsku, þýsku, spænsku og latínu. Ég hef mikinn áhuga á tungumálum.

Tölvukunnátta

Góð kunnátta í helstu forritum Microsoft Office. Hef mikla reynslu í notkun á Lótus og GoPro. Hef einnig reynslu í notkun Excel og Power Point. Hef reynslu af heimasíðugerð og er almennt með góða tölvukunnáttu

Félags- og tryggingamálaráðherra
Hafnarhúsinu v/Tryggvagötu
150 Reykjavík
bt. Bolla Þórs Bollasonar, ráðuneytisstjóra

Félags- og tryggingamálaráðuneytið	
Dö. 032-3	Fskj. 1
Lögn	13 JUL 2010
Liðn.	BH, BB, EA
Svarfr.	Tív.
Ísl. TEL	10060073

Ég undirritaður, Runólfur Ágústsson (kt. 090463-3739), sæki hér með um stöðu umboðsmanns skuldara sem auglýst var nú nýlega laus til umsóknar skv. lögum nr. 100/2010.

Ég geri mér grein fyrir samfélagslegu mikilvægi þess starfs sem hinni nýju stofnun er ætlað að sinna og er tilbúinn að leggja mitt af mörkum við þá hröðu uppbyggingu á starfsemi og þjónustu sem framundan er. Ljóst er að fjöldi fólks í neyð bíður þjónustu stofnunarinnar og mjög brýnt að hún geti sinnt lögbundnu hlutverki sínu strax frá fyrsta degi.

Ég tel mig hafa mikla reynslu af uppbyggingu stofnana og stjórnun skipulagsheilda við slíkar aðstæður. Vísa ég þar til starfa minna sem rektor Háskólans á Bifröst þegar sá skóli var byggður upp, sem framkvæmdastjóri Keilis þegar gamla varnarsvæðinu á Keflavíkurflugvelli var breytt í þekkingar- og skólasamfélag og nú síðast starfa minna sem stjórnarformaður Vinnumálastofnunar og Atvinnuleysistryggingarsjóðs. Þar hefur undanfarið misseri tekist að endurskipuleggja þjónustu við atvinnuleitendur á þann hátt að eftir er tekið og skilvirk og uppbyggjandi úrræði sem ungir atvinnuleitendur njóta nú hérlendis eru umfjöllunarefni á erlendum ráðstefnum sem dæmi um árangursríkar aðferðir í baráttunni við atvinnuleysi.

Ég hef allt frá árinu 1995 látið mig mál skuldara varða enda fékk ég á þeim árum innsýn í réttarumhverfi skuldugs fólks sem sýslumannsfulltrúi þar sem ég annaðist m.a. fjárnám, nauðungarsölur og aðrar fullnustugerðir. Sem lektor í lögfræði skrifaði ég einnig nokkrar greinar til að vekja athygli á þessum málum, sjá m.a. *Réttarstaða skuldara í frjálstri samkeppni*, Mbl. 27.1.1995 og *Ríkið skattleggur skuldir*, Mbl. 4.3. 1995.

Miklar væntingar eru bundnar við starfsemi umboðsmanns skuldara meðal almennings í þessu landi. Umsókn mína um stöðuna legg ég fram af áhuga, einlægni og vilja til að leggja mitt af mörkum til þess samfélags sem ég er hluti af.

Reykjavík 12. júlí 2010


Runólfur Ágústsson

13 JULÍ 2010

Runólfur Ágústsson
090463-3739
Þingholtsstræti 14, 101 Reykjavík
GSM 695-9999
runolfur.agustsson@vmst.is

STARFS- OG STJÓRNUNARREYNSLA

Vinnuálastofnun og Atvinnuleysistryggingarsjóður

Starfandi stjórnarformaður

2009-

Skipaður formaður stjórnar VMST í nóvember 2009 og stjórnarformaður Atvinnuleysistryggingarsjóðs í ársbyrjun 2010.

Hef sem slíkur samhæft starfsemi stofnunarinnar og sjóðsins og samstarf þeirra við Félags- og tryggingarmálaráðuneytið. Leiddi sérstakt átak gegn atvinnuleysi ungs fólks, "Ungt fólk til athafna" þar sem hátt í 3 þúsund ungir atvinnuleitendur hafa fengið úrræði við hæfi það sem af er þessu ári, flestir innan símenntunarmiðstöðva og í framhaldsskólum. Stýrði sérstöku átaki á gosstöðvum Eyjafjallajökls í samstarfi ráðuneytis, VMST og sveitarfélaga þar um virkjun atvinnuleitenda við hreinsunar- og uppbyggingarstarf. Hafði frumkvæði að og stjórna með forstjóra sérstöku átaki gegn langtímaatvinnuleysi jafnframt því að vinna að enn frekari fjölgun menntunartækifæra fyrir atvinnuleitendur í samstarfi við mennta- og menningarmálaráðuneytið og aðila vinnumarkaðarins. Hef sem samhæfingaraðili ráðuneytis, stofnunar og sjóðs unnið með forstjóra og helstu stjórnendum að bættu þjónustu við atvinnuleitendur auk þess að vinna með yfirlögfræðingi stofnunarinnar og lögfræðingum ráðuneytisins að lagabreytingum á sviði stofnunarinnar með frumvarpsgerð og samskiptum við lögjafarvaldið.

Umsagnaraðilar: Gissur Pétursson, forstjóri. Unnur Sverrisdóttir, yfirlögfræðingur. Hrafnhildur Tómasdóttir, verkefnastjóri UFTA.

Keilir, miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs

Framkvæmdastjóri

2007-2009

Ráðinn framkvæmdastjóri Keilis við stofnun hans en eigendur Keilis eru Háskóli Íslands, sveitarfélög á Suðurnesjum, orku- og rannsóknarfyrirtæki, bankar og sparisjóðir ásamt almennasamtökum og stéttarfélögum á Suðurnesjum. Hafði áður leitt undirbúning að stofnun félagsins frá árslokum 2006.

Keill var ætlað að byggja upp háskóla- og þekkingarsamfélag á gamla varnarsvæðinu á Keflavíkurlugvelli. Sett voru 5 ára markmið um íbúafjölda, námsframboð og tekjur. Þeim markmiðum var náð strax í árslok 2008 þegar íbúar voru orðnir um 2.000, nemendur um 500 og skólinn skilaði góðri fjárhagslegri afkomu.

Umsagnaraðilar: Dr. Jón Atli Benediksson, aðstoðarrekktor HÍ og varaformaður stjórnar Keilis. Árni Sigfússon, bæjarstjóri Reykjanesbæjar og formaður stjórnar Keilis.

Háskólinn á Bifröst

Rektor

1999-2006

Ráðinn rektor Samvinnuháskólans á Bifröst að undangengnu hæfnismati. Í dómnefnd um hæfni sátu Guðmundur Magnússon, prófessor(form.), Garðar Valdimarsson, ríkisskattstjóri og Páll Kr.Pálsson, framkvæmdastjóri Nýsköpunarsjóðs.

Við upphaf starfa minna á Bifröst voru nemendur rúmlega 100, flestir í tveggja ára námi í rekstrarfræðum sem ekki lauk með viðurkenndi alþjóðlegri námsgráðu. Við tók mikið uppbyggingarstarf undir minni stjórn þar sem nemendur urðu tæplega 800, bæði í grunnnámi til BS gráðu og fjölþættu meistaranámi. Samhliða stækkun viðskiptadeildar voru stofnaðar tvær nýjar deildir, lagadeild og félagsvísindadeild. Nafni skólans var breytt í Viðskiptaháskólinn á Bifröst árið 1999 og í Háskólinn á Bifröst árið 2006. Samhliða uppbyggingu á námi voru rannsóknir stóruaknar og rannsóknarmiðstöðvar settar á fót innan fagsviða skólans sem fjármagnaðar voru m.a. með Evrópustyrkjum og samstarfssamningum við fyrirtæki og stofnanir.

Umsagnaraðilar: Guðjón Auðunsson, fyrrverandi stjórnarformaður Háskólans á Bifröst og Magnús Árni Magnússon, núverandi rektor skólans og fyrrverandi aðstoðarrekktor.

<i>Samvinnuháskólinn á Bifröst</i>	
Aðstoðarrektor	1998-1999
Lektor	1993-1998
Ráðinn lektor í lögfræði að undangengu hæfnismati. Kennslugreinar: Viðskipta- og rekstrarréttur og Vinnuréttur.	
Aðjunkt í lögfræði	1992-1993
<i>Sýslumaðurinn í Borgarnesi</i>	
Sýslumannsfulltrúi	1992-1998
Annaðist m.a. þinglýsingar, aðfarargerðir og nauðungarsölur og sinnli málf lutningi í opinberum málum fh. embættisins.	
<i>Menntaskólinn við Hamrahlíð</i>	
Stundakennari í lögfræði	1990
<i>Stúdentaráð Háskóla Íslands</i>	
Framkvæmdastjóri	1988
<i>Leikfélag Reykjavíkur</i>	
Leikhúsritari	1985-1987

MENNTUN OG STARFSRÉTTINDI

• Réttindi til málf lutnings fyrir héraðsdómi	1998
• Nám við lagadeild Kaupmannarhafnarháskóla í alþjóðlegum samburðarviðskiptarétti, samningatækni, umhverfisrétti og Evrópurétti	1991-1992
• Embættispróf í lögfræði frá lagadeild Háskóla Íslands	1992
• Stúdentspróf frá Menntaskólanum við Hamrahlíð	1984

ÖNNUR STJÓRNUNAR- OG FÉLAGSSTÖRF

Hef setið í fjölda nefnda, ráða og starfshópa bæði á vegum almennasamtaka og hins opinbera. Þar má nefna stýrihóp um stofnun menntaskóla í Borgarnesi, samstarfsnefnd háskólastigsins, fulltrúaráð og stjórn Sparisjóðs Mýrasýslu, nefnd um endurskoðun stjórnsýslu Borgarbyggðar, nefnd um erlendar fjárfestingar á Íslandi, bæjarstjórn Borgarbyggðar, skólanefnd Samvinnuháskólans á Bifröst, Stúdentaráð Háskóla Íslands, deildarfundi lagadeildar HÍ og stjórn Æskulýðssambands Íslands.

FRÆÐILEGAR GREINAR

Um eignarrétt að eldis- og hafbeitarfiski. Úlfjótur, 1991; 44 (2): s. 199-205

Eignaraðild starfsmanna í fyrirtækjum. Vísbending, 1998; 16 (37): s. 3-4

ÖNNUR RITSTÖRF

Greinar í blöðum og tímaritum, ræður og erindi á þingum og ráðstefnum, m.a. um skólamál, byggðamál, jafnréttismál, neytendamál og málefni skuldara. Tvær útgefnar bækur, Afríkuveikin(2008) og Enginn ræður fór(2009).

Meðmæli um: Ástu Sigrúnu Helgadóttur

Kt

Dags: 21. júlí 2010

Umsögn veitt af:

Hjá

Starfstíttill

Símanúmer

Starfstíttill

Tímabil

1 2 3 Merkið við: 1 = ágætt, 2 = gott, 3 = sæmilegt

Ástundun:

Mætingar / stundvísi

Veikindi

Áhugasöm/samur – já.

Áreiðanleg/ur / Traust/ur – já.

Reglusöm/samur

Eiginleikar:

Fljót/ur að skilja – telur svo vera.

Sjálfstraust – ágætt.

Ábyrg/ur – mjög.

Ákveðin/n / Staðfastur – leitar ráða, vill ráðfæra sig um hlutina.

Þrautseig/ur – já.

Hugmyndaríki – sæmilegt.

Sýnir gott fordæmi – já.

Snyrtimennska

Kurteisi/hegðun/framkoma - kemur vel fyrir á auðvelt með mannleg samskipti.

Hæfileikar:

Stjórnunarhæfileikar / hæfileikar til að leiðbeina – gekk vel meðan kom að, þ.e. fram að

Tjáningarhæfileikar / samskiptahæfileikar – er góð í mannlegum samskiptum.

Söluhæfileikar – ?

Vinnuaðferðir:

Vinnur verk á réttum tíma / Nýtir tímann vel – telur svo vera.

Fer eftir fyrirmælum

Nákvæmni í vinnubrögðum

Sýnir framsýni – gerði það ágætlega meðan hann kom að.

Velur verkefni eftir mikilvægi – gekk vel meðan hann kom að.

Skipuleg/ur í vinnubrögðum - já.

Hvernig vinnur undir álagi – mjög vel.

Hefur frumkvæði í vinnu – telur svo vera.

Viðhorf til vinnu:

Vill auka þekkingu/leikni – telur svo vera.

Notfærir sér jákvæða gagnrýni

Opin/n fyrir nýjum hugmyndum – telur svo vera.

Sveigjanleg/ur – er mjög þægileg í samskiptum.

Samskipti:

Afstaða til viðskiptavina

Afstaða til samstarfsmanna, yfirmanna, undirmanna – er vel liðin á vinnustað.

Hvernig liðin/n sjálfur af samstarfsmönnum, yfirmönnum, undirmönnum – er vel liðin, fámennur hópur á vinnustað er kom að.

Afstaða / hollusta til fyrirtækis – telur svo vera.

Sérstök þekking, hæfni, eiginleikar: hún leiddi þessa stofnun með ágætum, telur hana því hafa leiðtogahæfileika.

Gallar, takmarkanir: ekki í fljótu bragði !

Annað: Aðspurður um hvort teldi umsækjanda valda umsóttu starfi; er meira en það sem hún hefur haft með að gera, telur hana valda starfi því sem hún sækir um. Aðspurður um núverandi starfsemi Ráðgjafastofu, þ.e. 500 mál í bið; gat ekki svarað því, en vísaði á umsagnaraðila, sem hefðu haft með málið að gera

bankakerfisins.

, en stofnan hefur stækkað verulega

eftir hrun íslenska

Meðmæli um: Ástu Sigrúnu Helgadóttur

Kt.

ags: 21. júlí 2010

Umsögn veitt af:

Hjá

Starfstíttill

Símanúmer

Starfstíttill umsækjanda:

Tímabi

1 2 3 Merkið við: 1 = ágætt, 2 = gott, 3 = sæmilegt

Ástundun:

X Mætingar / stundvísi

Veikindi

X Áhugasöm/samur – já.

X Áreiðanleg/ur / Traust/ur – já.

X Reglusöm/samur

Eiginleikar:

X Fljót/ur að skilja – já.

X Sjálfstraust – ágætt.

X Ábyrg/ur – mjög.

X Ákveðin/n / Staðfastur – ráðuneytið hefur verið henni til aðstoðar.

X Þrautseig/ur – já.

X Hugmyndaríki – ?

X Sýnir gott fordæmi – já.

Snyrtimennska

X Kurteisi/hegðun/framkoma - kemur vel fyrir og hefur færni í mannlegum samskiptum.

Hæfileikar:

X Stjórnunarhæfileikar / hæfileikar til að leiðbeina – er mjög fagleg, getur tekið sjálfstæðar ákvarðanir, en vill gjarnan ræða við aðra.

X Tjáningarhæfileikar / samskiptahæfileikar – treysir henni til að vera ekki með dólgsæti, hún er föst fyrir og fylgin sér, er "balanseruð" og ekki með upphlaup.

X Söluhæfileikar – ?.

Vinnuaðferðir:

X Vinnur verk á réttum tíma / Nýtir tímann vel – er óhrædd við að takast á við hlutina.

Fer eftir fyrirmælum

Nákvæmni í vinnubrögðum

X Sýnir framsýni – er samviskusöm og skipulögð, fólk vill almennt vinna með henni.

X Vel verkefni eftir mikilvægi – telur svo vera.

X Skipuleg/ur í vinnubrögðum - já.

X Hvernig vinnur undir álagi – vel.

X Hefur frumkvæði í vinnu – já, en vill ráðfæra sig um hlutina.

Viðhorf til vinnu:

X Vill auka þekkingu/leikni – já.

Notfærir sér jákvæða gagnrýni

X Opin/n fyrir nýjum hugmyndum – telur svo vera.

X Sveigjanleg/ur – já, þægilegt að vinna með henni.

Samskipti:

Afstaða til viðskiptavina

X Afstaða til samstarfsmanna, yfirmanna, undirmanna – aldrei komið neitt upp á, aldrei nein vandamál með hana sem

X Hvernig liðin/n sjálfur af samstarfsmönnum, yfirmönnum, undirmönnum – er vel liðin á vinnustað.

X Afstaða / hollusta til fyrirtækis – telur svo vera.

Sérstök þekking, hæfni, eiginleikar: býr vel að því að vera í undirbúningsnefnd.

Gallar, takmarkanir: hún er ekki allra, getur verið svolítið "smásmuguleg", en getur líka verið töffari

Annað: hún er mjög vel tengd, var áður lögfræðingur í barnaverndarmálum og í úrskurðarnefndum, hefur mikla innsýn í erfiðar kringumstæður. Hún þykist aldrei vita, leitar sér aðstoðar sem er bæði styrkleiki hennar, en getur líka verið ákveðinn veikleiki. Hún er ekki manneskja lýðskrumsins. Aðspurð telur Ástu fullkomlega hæfa í umsótt starf. Styrkleiki hennar: hefur rekið stofu í miklu breytingarferli og hefur haft starfsmenn með sér í þessu. Hún er að auki óhrædd við að takast á við vandamál ef upp koma hjá starfsmönnum, tók af skarið í einu slíku tilviki.

Meðmæli um: Ástu Sigrúnu Helgadóttur

Kt.

Dags: 21. júlí 2010

Umsögn veitt af:

Hjá

Starfstíll!

Símanúmer

Starfstíll umsækjanda:

Tímabil

1	2	3	Merkið við: 1 = ágætt, 2 = gott, 3 = sæmilegt
			Ástundun:
X			Mætingar / stundvísi
			Veikindi
X			Áhugasöm/samur – já.
X			Áreiðanleg/ur / Traust/ur – já.
X			Reglusöm/samur
			Eiginleikar:
X			Fljót/ur að skilja – já.
X			Sjálfstraust – ágætt.
X			Ábyrg/ur – mjög.
X			Ákveðin/n / Staðfastur hefur verið henni til aðstoðar.
X			Þrautseig/ur – já.
X			Hugmyndarfi – ?
X			Sýnir gott fordæmi – já.
			Snyrtimennska
X			Kurteisi/hegðun/framkoma - kemur vel fyrir og hefur færni í mannlegum samskiptum.
			Hæfileikar:
X			Stjórnunarhæfileikar / hæfileikar til að leiðbeina – hefur tekist að leiða stofuna í gegnum ólgusjó, en stofan hefur þó alltaf verið undir
X			Tjáningarhæfileikar / samskiptahæfileikar – er góð í mannlegum samskiptum og hefur staðið sig vel við að eiga við fjölmiðla, hún fer mjúku leiðina.
X			Söluhæfileikar – ?
			Vinnuaðferðir:
X			Vinnur verk á réttum tíma / Nýtir tímann vel – telur svo vera.
			Fer eftir fyrirmælum
			Nákvæmni í vinnubrögðum
X			Sýnir framsýni – telur svo vera.
X			Velur verkefni eftir mikilvægi – telur svo vera.
X			Skipuleg/ur í vinnubrögðum - já.
X			Hvernig vinnur undir álagi – vel.
X			Hefur frumkvæði í vinnu – telur svo vera.
			Viðhorf til vinnu:
X			Vill auka þekkingu/leikni – telur svo vera.
			Notfærir sér jákvæða gagnrýni
X			Opin/n fyrir nýjum hugmyndum – telur svo vera.
X			Sveigjanleg/ur – hefur góða færni í mannlegum samskiptum.
			Samskipti:
			Afstaða til viðskiptavina
X			Afstaða til samstarfsmanna, yfirmanna, undirmanna – aldrei komið neitt upp á, aldrei nein vandamál
X			Hvernig liðin/n sjálfur af samstarfsmönnum, yfirmönnum, undirmönnum – er vel liðin á vinnustað.
X			Afstaða / hollusta til fyrirtækis – telur svo vera.
			Sérstök þekking, hæfni, eiginleikar: er í undirbúningsnefnd og hefur því góða þekkingu á umsóttu embætti
			Gallar, takmarkanir:
			Annað: segir Ástu hafa staðið sig vel, geysilegt álag og mikil breyting í kjölfar hrunsins, hún réði fólk “einn, tveir og þrír”, bæði lögfræðinga og viðskiptafræðinga, unga með litla reynslu, þurftu að slökkva elda á þeim tíma. Var erfitt að ráða starfsmenn einnig, kerfið bauð ekki upp á það, þ.e. eldri starfsmenn stofunnar voru ríkisstarfsmenn, en nýjir áttu að lúta reglum einkamarkaðarins, leystu það með að ráða þá sem starfsmenn ráðuneytisins. Þetta gerði forstöðumanni erfitt fyrir. Það þarf augljóslega að gera eitthvað róttækt, þarf “strúktúrsbreytingu”, breyta skipulagi og verkreglum í takt við nýju lögin. Aðspurður um hvort hún valdi umsóttu starfi; hún getur það með góðu fólki með sér.

Meðmæli um: Runólfur Ágústsson **Kt.** **Dagur:** 21. júlí 2010

Umsögn veitt af:

Starfstíll

Starfstíll umfærslu.

Hjá

Símanúmer

Tímabili

1	2	3	Merkið við: 1 = ágætt, 2 = gott, 3 = sæmilegt
			Ástundun:
X			Mætingar / stundvísi
			Veikindi
X			Áhugasöm/samur
X			Áreiðanleg/ur / Traust/ur
X			Reglusöm/samur
			Eiginleikar:
X			Fljót/ur að skilja – hugmyndaríkur og fljótur að finna lausnir.
X			Sjálfráust – mikill leiðtogi.
X			Ábyrg/ur – mjög ábyrgur gagnvart verkefnum og vinnuumhverfi.
X			Ákveðin/n / Staðfastur – er mjög þrautseigur, öflugur í átakverkefni, klárar málin til enda, er mikill foringi og fylginn sér.
X			Þrautseig/ur
X			Hugmyndaríki
	X		Sýnir gott fordæmi – gott fordæmi að mati _____ gerði stórgóða hluti, en eftir _____ ár í starfi var tímabært að breyta til.
			Snyrtimennska
X			Kurteisi/hegðun/framkoma
			Hæfileikar:
X			Stjórnunarhæfileikar / hæfileikar til að leiðbeina - er mikill leiðtogi og krefjandi stjórnandi, treystir fáum betur til verksins.
X			Tjáningarhæfileikar / samskiptahæfileikar – Með ágætum, á þó erfitt með að þola vanhæfni, vill einungis toppfólk með sér í verki.
			Söluhæfileikar
			Vinnuaðferðir:
X			Vinnur verk á réttum tíma / Nýtir tímann vel – rífur verkefni af stað og drífur menn með sér.
			Fer eftir fyrirætlum
			Nákvæmni í vinnubrögðum
X			Sýnir framsýni – á auðvelt með að greina verkefni og vill vera í aksjón sjálfur, mikill forystusauður.
X			Velur verkefni eftir mikilvægi – og vinnur þau hratt jafnframt, er mikill málafylgjumaður og ef tekur að sér verkefni leysir hann þau.
X			Skipuleg/ur í vinnubrögðum - mjög svo..
X			Hvernig vinnur undir álagi – Vel.
X			Hefur frumkvæði í vinnu – er mikill athafnamaður og frumkvöðull á ýmsum sviðum.
			Viðhorf til vinnu:
X			Vill auka þekkingu/leikni – er metnaðargjarn og öflugur við að hrinda nýjum hlutum af stað.
			Notfærir sér jákvæða gagnrýni
X			Opin/n fyrir nýjum hugmyndum
X			Sveigjanleg/ur – geta ekki allir unnið með honum, þ.e. hann hefur lítið “tolerance” gagnvart vanhæfni, vill taka á hlutunum..
			Samskipti:
			Afstaða til viðskiptavina
	X		Afstaða til samstarfsmanna, yfirmanna, undirmanna – umdeildur, það geta ekki allir unnið með honum.
	X		Hvernig liðin/n sjálfur af samstarfsmönnum, yfirmönnum, undirmönnum – af flestum vel.
X			Afstaða / hollusta til fyrirtækis – er mjög traustur og hollur sínu starfsumhverfi.
			Sérstök þekking, hæfni, eiginleikar: Varðandi umsótt starf, segir _____ sig fáum treysta betur en Runólfi til að koma því mikilvæga verkefni á leiðis, hann hafi burði og einurð til þessa verks fremur öðrum. Runólfur er lögfræðingur og því hlutum kunnugur varðandi þau atriði og sem reyndur _____ hefur hann betri þekkingu á sviði viðskipta en margir lögfræðingar.
			Gallar, takmarkanir: - hann er ekki allra, en er mjög hlýr og góður að eiga að ef eitthvað bjátar á.
			Annað: Runólfur hefur litla þolinmæði gagnvart vanhæfni og tekur á því sem betur má fara, hann er þó góður að verja hagsmunum þeirra sem til hans leita.

Meðmæli um: Runólfur Ágústsson

Kt.

Dag: 22. júlí 2010

Umsögn veitt af:

Hjá

Starfstíll

Símanúmer

Starfstíll umsækjanda

Tímabil

1	2	3	Merkið við: 1 = ágætt, 2 = gott, 3 = sæmilegt
			Ástundun:
X			Mætingar / stundvísi
			Veikindi
X			Áhugasöm/samur
X			Áreiðanleg/ur / Traust/ur
X			Reglusöm/samur
			Eiginleikar:
X			Fljót/ur að skilja – er mjög lausnamiðaður og góður að taka að sér verk, samnhæfa verkefni, koma þeim í gang og keyra áfram..
X			Sjálfstraust – hefur sjálfstraustið og kraftinn til að koma hlutunum af stað.
X			Ábyrg/ur – gagnvart því verkefni, sem tekið hefur að sér og markmiði þess.
X			Ákveðin/n / Staðfastur – er mjög fylginn sér og því sem hann tekur að sér, er snöggur átakamaður, þolið ekki stöðnun.
X			Þrautseig/ur – mjög, fylgir eftir og klárar málin.
X			Hugmyndaríki – mjög hugmyndaríkur og fljótur að koma auga á lausnir, áttar sig vel á samhengi hlutanna.
X			Sýnir gott fordæmi – skilaði góðu verki og allir ánægðir með.
			Snyrtimennska
X			Kurteisi/hegðun/framkoma - er hreinskiptinn, segir hug sinn.
			Hæfileikar:
X			Stjórnunarhæfileikar / hæfileikar til að leiðbeina – tvímælalaust mikill leiðtogi, vel til forystu fallinn.
X			Tjáningarhæfileikar / samskiptahæfileikar – brotnaði aldrei á í samskiptum er ör týpa.
			Söluhæfileikar – hefur mikinn sannfæringarkraft og hæfileikann til að hrifa fólk með sér.
			Vinnuaðferðir:
X			Vinnur verk á réttum tíma / Nýtir tímann vel – hann er mjög drifandi og duglegur hefur snerpuna til að keyra hlutina áfram..
			Fer eftir fyrirmælum
			Nákvæmni í vinnubrögðum
X			Sýnir framsýni – hann er lausnagóður og fljótur að koma auga á hvað skiptir máli og hvað ekki.
X			Velur verkefni eftir mikilvægi – er mjög fljótur að átta sig á og finna nýja leiðir og verkferla.
X			Skipuleg/ur í vinnubrögðum - já, telur svo vera.
X			Hvernig vinnur undir álagi – mjög vel.
X			Hefur frumkvæði í vinnu – hefur gríðarlegt frumkvæði, gerði góða hluti hjá a.
			Viðhorf til vinnu:
X			Vill auka þekkingu/leikni – er frumkvöðull og hefur kraftinn til að koma hlutunum af stað, með góða þekkingu á þeim verkefnum, sem tekur að sér að vinna úr..
			Notfærir sér jákvæða gagnrýni
X			Opin/n fyrir nýjum hugmyndum – er mjög hugmyndaríkur sjálfur og fljótur að finna lausnir.
X			Sveigjanleg/ur – er ákafatýpa, sem hrífur aðra með sér, hann finnur til með lítilmagnanum og leitar lausna fyrir fólk..
			Samskipti:
			Afstaða til viðskiptavina
X			Afstaða til samstarfsmanna, yfirmanna, undirmanna – mjög góð, valdi sinn hóp sjálfur hjá
X			Hvernig liðin/n sjálfur af samstarfsmönnum, yfirmönnum, undirmönnum – mjög vel.
X			Afstaða / hollusta til fyrirtækis – er mjög traustur og hollur sínu starfsumhverfi.
			Sérstök þekking, hæfni, eiginleikar: Varðandi umsótt starf, segir umsækjanda vera mjög vel treystandi og hæfan til starfans, telur hann muni gera stórgóða hluti, en ætti þó ekki að draga af lengi, gæti síðar reynst of hæfur í starfið, þ.e. ef verður of rólegt.
			Gallar, takmarkanir: - hann hefur andlega kraftinn, en vantar á stundum þolið líkamlega, hann á við lasleika að stríða, sem hefur þó og á ekki að há honum í starfi (ónæmiskerfis lasleiki).
			Annað: Runólfur er rétti maðurinn í starfið, þ.e. til að koma embættinu af stað og finna nýjar lausnir, en hann þarf sterkan rekstrar- og/eða skrifstofustjóra með sér.

Meðmæli um: Runólfur Ágústsson

Kt.

Daos: 22. júlí 2010

Umsögn veitt af:

Hjá

Starfstíll

Símanúmer

Starfstíll umsækjanda:

Tímabil

1	2	3	Merkið við: 1 = ágætt, 2 = gott, 3 = sæmilegt
			Ástundun:
X			Mætingar / stundvísir
			Veikindi
X			Áhugasöm/samur
X			Áreiðanleg/ur / Traust/ur
X			Reglusöm/samur
			Eiginleikar:
X			Fljót/ur að skilja – er rosalega öflugur og ræðst að verkefnum, fljótur að greina aukaatriði frá aðalatriðum.
X			Sjálfstraust – já, mikið sjálfstraust og metnaður.
X			Ábyrg/ur – mjög svo.
X			Ákveðin/n / Staðfastur – fylginn sér á gott með að drífa hlutina áfram.
X			Þrautseig/ur – ef tekur að sér verkefni, klárar hann þau, gerði stórgóða hluti varðandi
X			Hugmyndaríki – umrætt verkefni var algjörlega hans hugmynd, innleiddi ný vinnubrögð í þessu
X			Sýnir gott fordæmi – var nokkuð skeptisk á samstarfið, en mjög ánægð í dag..
			Snyrtimennska
X			Kurteisi/hegðun/framkoma - er skemmtilegur, hreinskiptinn og með góðan húmor.
			Hæfileikar:
X			Stjórnunarhæfileikar / hæfileikar til að leiðbeina – er mikill forystusauður, sannfærandi og góður að leiða fólk með sér.
X			Tjáningarhæfileikar / samskiptahæfileikar – mjög góður, það er gott að vinna með honum, allir mjög ánægðir.
			Söluhæfileikar – kynnti m.a. áður nefnt verkefni og fékk styrk frá m.a. kom að allri fjáröflun sjálfur, er sannfærandi og góður að selja hugmyndir.
			Vinnuaðferðir:
X			Vinnur verk á réttum tíma / Nýtir tímann vel – er drifandi og duglegur og flinkur að finna úrlausnir.
			Fer eftir fyrirmælum
			Nákvæmni í vinnubrögðum
X			Sýnir framsýni – innleiddi m.a. nýtt verklag, sem nýtist vel í dag. Hann rakaði saman úrræðum og tókst vel öll samningagerð.
X			Velur verkefni eftir mikilvægi – mjög fljótur að sjá hvað skiptir máli og úrræðagóður.
X			Skipuleg/ur í vinnubrögðum - já.
X			Hvernig vinnur undir álagi – mjög vel.
X			Hefur frumkvæði í vinnu – hefur kraftinn og á auðvelt með að drífa hlutina áfram og aðra með sér, gífurlegt frumkvæði..
			Viðhorf til vinnu:
X			Vill auka þekkingu/leikni – er “sputnik” í öllu sem gerir og kemur að, þar með talið er hann alltaf að bæta við sig þekkingu
			Notfærir sér jákvæða gagnrýni
X			Opin/n fyrir nýjum hugmyndum – er hugmyndasmiðurinn sjálfur, fær standa honum að spori.
X			Sveigjanleg/ur – ofsalega gaman að vinna með honum, allir fengu vítamínssprautu með honum.
			Samskipti:
			Afstaða til viðskiptavina
X			Afstaða til samstarfsmanna, yfirmanna, undirmanna – mjög góð.
X			Hvernig liðin/n sjálfur af samstarfsmönnum, yfirmönnum, undirmönnum – miðgætt.
X			Afstaða / hollusta til fyrirtækis – klárar sitt, vilja ekki missa hann hjá
			Sérstök þekking, hæfni, eiginleikar: Varðandi umsótt starf, segir að telji umsækjandann vera rétta manninn í umsótt starf.
			Gallar, takmarkanir: - hann hefur ekki úthaldið nema fá áskoranir, sem er styrkleiki um leið.
			Annað: telur Runólf tvímælalaust vera rétta manninn í starfið.

Viðtöl við umsækjendur um embætti umboðsmanns skuldara 20. júlí 2010

Fundarstaður: Félags- og tryggingamálaráðuneytið

Mættir eru Árni Páll Árnason, félags- og tryggingamálaráðherra, Anna Sigrún Baldursdóttir aðstoðarmaður ráðherra, Bolli Þór Bollason ráðuneytisstjóri og Guðný Harðardóttir ráðgjafi.

Ásta Sigrún Helgadóttir kemur fyrst í viðtal.

ÁPÁ greinir frá því að tveir af umsækjendum hafi verið kallaðir í viðtal og þ.á m. Ásta Sigrún Helgadóttir. ÁPÁ tekur fram að skuldamálin teljist til erfiðustu verkefna sem stjórnvöld standi frammi fyrir um þessar mundir. Því skipti miklu máli að vel takist til með embætti umboðsmanns skuldara.

Í framhaldi hefja ÁPÁ, Bolli Þór Bollason (BÞB), Anna Sigrún Baldursdóttir (ASB), Guðný Harðardóttir (GH) að spyrja ÁSH spurninga í tengslum við umsókn hennar um embætti umboðsmannsskuldara.

BÞB biður ÁSH að lýsa því hvernig hún telji sig fullnægja þeim kröfum sem gerðar eru til þess sem gegnir embættis umboðsmanns skuldara og koma fram í auglýsingu á starfinu.

ÁSH svarar því að hún sé búin að starfa sem forstöðumaður Ráðgjafastofu heimilanna (Rstofa) í sjö ár. Hún hafi því mikla reynslu og innsýn inn í skuldavanda heimilanna. ÁSH tekur fram að hún viti að miklar breytingar séu í farvatninu en að hún hefði aldrei sótt um nema hún treysti sér til að standa í þeim breytingum og telji sig hæfa.

BÞB spyr ÁSH hverja hún telji mestu breytinguna á starfi umboðsmanns skuldara og Ráðgjafarstofu heimilanna.

ÁSH svarar því að hún telji að úrlausnarefnin verði flóknari út frá lögfræðilegu sjónarhorni. Auk þess sé Rstofan hlutlaus aðili og sem forstöðumaður hennar hafi hún þurft að vera diplómáttísk. Þurft að gæta hagsmuna fleiri aðila. Umboðsmaður skuldara sé hins vegar málsvari skuldara og hann hafi fleiri tæki og tól til að taka á vandanum. Um sé að ræða gífurlega breytingu en jákvæða. Ekki megi gleyma því sem kemur fram í frumvarpi til laga um umboðsmann skuldara um að embætti umboðsmanns skuldara byggji á traustum grunni rstofunnar. Lögð áhersla á að fólki líði vel þegar það kemur og að virðing sé borin fyrir öllum.

BÞB spyr ÁSH hvort hún telji að verklagið og verkferlar komi til með að breytast frá því sem nú tíðkast hjá rstofunni.

ÁSH svarar því að um formlega stofnun verði að ræða en rstofan hafi haft mikið frelsi og sveigjanleika. Umboðsmaður skuldara verði undir smásjá og starfið verði miklu meira áberandi. Nálgunin verði allt önnur almennt. ÁSH tekur fram að hjá rstofu sé í fullum gangi vinna við verkferla og verið sé að undirbúa stofnun hins nýja embættis eins vel og mögulegt er á svo stuttum tíma. Verið er að hanna verkferla og umsóknir þannig að það verði eins mikið tilbúið og hægt sé þann 3. ágúst.

BþB ítrekar fyrri spurningu um þann mun sem verður á embætti umboðsmanns skuldara og rstofunni. Starf umboðsmanns skuldara muni væntanlega bjóða upp á hörð samskipti við fjármálastofnanir, lögfræðinga þeirra og fleiri. Einnig megi gera ráð fyrir miklu meira áreiti fjölmiðla og óánægðra skuldara. Um sé að ræða allt annað umhverfi en rstofan hafi búið við.

ÁSH svarar því að hún hefði ekki sótt um nema af því að hún treysti sér í það. Hún tekur fram að hún sé í samskiptum við erfiða einstaklinga á hverjum einasta degi og hafi einmitt reynslu í því að eiga við erfitt fólk. Auk þess hafi hún verið lögfræðingur barnaverndarnefndar. Þá hafi hún komið fram í fjölmiðlum og óttist það ekki. Hún ítrekar að hún geri sér fulla grein fyrir því hvað starfið verið meira áberandi. Henni finnist það að vissu leyti léttir því það sé flókið að vera diplómatískur. Það sé einfaldara að vera málsvari skuldara og gæta hagsmuna þeirra.

GH spyr hvort starf embættis umboðsmanns skuldara bjóði ekki upp á meiri árekstra, t.d. ef fólk er ekki ánægt með úrlausnir umboðsmanns.

ÁSH svarar því að svoleiðis sé það líka hjá rstofunni. Hún fái öll mál þegar fólk er óánægt. Fólk sem er ósátt við ráðgjafana, allt og ekkert.

ASB bendir á að rstofan sé hlutlaus aðili og eigi í samskiptum við aðra á þeim nótum. Spyr hvernig ÁSH ætli að breyta því.

ÁSH tekur fram að það vald sem umboðsmanni skuldara sé fengið í löggjöfinni hafi áhrif. Hefur engar áhyggjur af því að það muni verða erfiðleikum háð. Hún hafi átt mjög góð samskipti við fjármálastofnanir. Rstofan hafi í raun verið með frjálsar greiðsluaðlaganir í 14 ár. Því hafi verið mikilvægt að eiga gott samstarf við kröfuhafa þannig að þeir upplifi ákveðna sanngirni. ÁPÁ spyr hvað ÁSH eigi við með því. ÁSH svarar því að af hálfu rstofunnar sé leitað frjálstra samninga við kröfuhafa. Því sé í raun um að ræða frjálssar greiðsluaðlaganir.

GH spyr hvort ÁSH sé í beinum samskiptum við einstaklinga sem leita til rstofunnar eða hvort viðkomandi leiti fyrst til ráðgjafa.

ÁSH svara því að stundum hafi fólk beint samband við hana og hún vísi viðkomandi til ráðgjafa. En stundum leiti fólk til hennar vegna þess að það sé ósátt við ráðgjafa. Hún leggi sig fram um að taka vel á móti fólki. ÁSH tók fram að hún legði sig fram um að taka vel á móti fólki.

GH spyr hvernig ÁSH vinni úr streitunni og álaginu sem fylgi starfinu, m.a. því að eiga við óánægt fólk. Hún spyr hvort ÁSH taki vinnuna með sér heim.

ÁSH svaraði því að hún hefði unnið í félagsþjónustunni í sex ár og sú reynsla hafi reynst henni ómetnaleg. Hún tekur starfið ekki með sér heim. Hún var beðin um að taka við rstofunni sérstaklega út af reynslu sinni úr félagsþjónustunni.

ASB spyr hvernig ÁSH myndi bregðast við ef mótmæli færist að heimili umboðsmanns.

ÁSH svaraði því að hún hefði þurft að búa við mjög ógnvekjandi hótanir í tengslum við vinnu sína hjá barnaverndarnefnd. Einnig í tengslum við vinnu sína við atvinnumál útlendinga. Hún hafi verið hræddari þá en nú. ASB bendir á að nálgunin sé öðruvísi nú en áður. Reiðin sé almenn og beinist að embættismanninum persónulega. ÁSH segir að þetta verði að koma í ljós. Ef vel sé að þessu staðið og komið fram af trúverðugleika óttist hún ekkert. Rstofa finni fyrir reiðinni í samfélaginu. ASB bendir á að rstofan hafi náð að verið hlutlaus. En það sé ekki lengur til staðar. ÁSH leggur áherslu á að það skipti máli hvernig þeim sem gegni embætti umboðsmanns skuldara takist að vera málsvari. Þetta snúist um trúverðugleika og traust. Það verði alltaf ákveðinn hópur

óánægður því það fylgi mannlífinu. Það sé algjört grunnatriði hvernig takist til og að umboðsmaður skuldara muni hafa svo mikið um það að segja hvernig líurnar verði lagðar.

ASB spyr hvort það sé eitthvað sem ekki komi fram í lögum sem ÁSH vilji beita sér fyrir í embættinu.

ÁSH bendir á að fræðslumálin hafi setið á hakanum. Hún myndi vilja beita sér fyrir því að embættiðþ njóti trausts og að almenningur finni að það sé verið að hjálpa þeim af heiðarleika. Kynning á umboðsmanni skuldara sé lykilatriði í þessu öllu en strax sé komin fram neikvæð umræða. ÁSH tekur fram að henni finnist lögin sjálf detaileruð og hún sé sammála öllu um hlutverk umboðsmann skuldara. Sérstaklega hlutverki hans í sambandi við ráðgjöfina. Hún tekur fram að hún hafi sjálf persónulega haft mikinn áhuga á að efla fjármálafræðslu og fjármálalæsi. Lögð hafi verið áhersla á það fyrir hrun og það hafi verið skemmtilegt verkefni.

BÞB spyr hvers konar karaktereinkenni einstaklingur, sem gegni embætti umboðsmanns skuldara, þurfi að hafa.

ÁSH svarar því að mikla ákveðni þurfi í starfið. Viðkomandi þurfi að vera mjög trúverðugur og almenningur þurfi að geta treyst honum. ÁSH ítrekar að mannlegu gildin skipti miklu máli. Umboðsmaður sé málsvari skuldara og skuldari þurfi að finna það. En þó allt innan skynsamlegra marka. Meginhugmyndafræðin á bak við þetta sé að ná frjálsri greiðsluaðlögun. BÞB spyr um það sem snýr að kröfuhöfum. ÁSH svarar því að umboðsmaður skuldara hafi vald og tæki og tól. Hugmyndin sé sú að kröfuhafi hafi hvata til að fara í frjálsa greiðsluaðlögun frekar en þvinganir. Þetta þurfi að slípast til eins og önnur löggjöf. BÞB bendir á að farið sé úr því að vera sáttasemjari og yfir í að vera harður fulltrúi skuldarans gagnvart kröfuhöfum. ÁSH bendir á að Rstofan hafi verið meiri málsvari skuldara en kröfuhafa. Þar sé fólki hjálpað og reynt að ná samningum fyrir skuldara. ÁSH spyr hvað eigi að ganga langt í að hann sé harður. Það geti líka virkað fælandi. GH spyr hvernig ÁSH þætti að sækja að fjármálafyrirtækjum sem aðilum sem hún hefur verið að vinna fyrir? ÁSH tekur fram að hún hafi ekki verið að vinna fyrir kröfuhafa og hún óttist ekki að eiga annars konar samskipti við fjármálafyrirtæki. GH spyr hvort vinnuumhverfi rstofunnar hafi breyst. ÁSH svarar því að himin og haf sé á milli þess sem var og er. Rstofan hafi verið sjö manna stofnun en sé nú þrjátíu manna vinnustaður. Hún hafi öðlast gífurlega reynslu við að standa að þeirri uppbyggingu sem hafi átt sér stað, þetta hafi verið eins og að taka doktorspróf.

GH spyr af hverju ÁSH vilji skipta um starf.

ÁSH svarar því að hennar starf verði lagt niður en hún hafi mikinn áhuga á þessum málaflokki. Hún hafi hugsað sig um. GH spyr hvort ÁSH sé að sækja um fleiri störf. ÁSH svarar því neitandi. Rstofan renni inn í embætti umboðsmanns skuldara. Hún viti vel að það sé mikil vinna framundan, hún þekki fólkið og viti það. Hafi mikla reynslu.

BÞB spyr hvort ÁSH finnist hún hafa þá reynslu sem þarf til að vinna að uppbyggingu hins nýja embættis samhliða því að sinna ráðgjöf við skuldara.

ÁSH svarar því til að umboðsmaður skuldara sé ekki aleinn, gert sé ráð fyrir að þetta verði mannmörg stofnun með fullt af hæfu og góðu fólki. ÁSH tekur fram að hún eigi auðvelt með að vinna með fólki og telji sig hafa tekist vel að deligera hlutum og finna hvar fólk er hæft og hvernig hún geti treyst fólki. Grunnatriði að geta unnið með fólki og stjórn. ÁSH bendir á að hún hafi ekki getað leitað í leiðbeiningabækur eftir hrun þegar rstofan stækkaði. Hún hafi einmitt mikla reynslu í nýjungum og sé ekkert hrædd við breytingar. Hún hafi áhuga á málaflokinum.

ASB bendir á að þegar rstofan stækkaði hafi ekki verið um að ræða eðlisbreytingu á starfinu. Nú verði hins vegar eðlisbreyting. Hún spyr hvernig ÁSH telji sig í stakk búna til að leiða fólkið sitt í gegnum þá umbreytingu.

ÁSH svarar því að fara þurfi yfir þetta með starfsmönnum. Hún hafi virkjað starfsmenn í vinnu við undirbúning í tengslum við embætti umboðsmanns skuldara. ÁSH bendir á að stjórnarhættir hafi hrósað starfsmönnum Rstofunnar fyrir mikla og góða undirbúningsvinnu á skömmum tíma. ÁSH bendir á að fólk sé óöruggt en hún hafi lagt sig fram um að vera jákvæð og segja að þetta sé til bóta. GH spyr hvort ÁSH myndi vilja stokka eitthvað upp? ÁSH svarar því að auglýst hafi verið eftir umsóknum í 4 lykilstöður. Hún tekur fram að einhverjir innanbúðarmenn sem væru hæfir í eitthvað annað en þeir eru akkúrat í í dag. Það þurfi að liggja fyrir skipulag og síðan farið að raða fólki.

ÁPÁ spyr hverju ÁSH kenni um að það séu 500 mál í bið?

ÁSH tekur fram að sérstaklega núna hafi verið millibilsástand. Ekki sé verið að ráða inn því nýja embættið sé að koma. Einnig hægi sumarleyfi á. Þá séu málin oft mjög flókin og taki langan tíma. Gagnaöflun frá umsækjendum hafi einnig tekið mjög langan tíma. ÁPÁ bendir á að þetta sé ófært ástand. Hann spyr hvernig sé hægt að leysa þetta? ÁSH svarar því að það þurfi meiri mannafla. Búið sé að greina að til þess að þetta gangi upp þurfi að tvöfalda mannaflann. Hún bendir á að ekki megi gleyma að Rstofan hafi vaxið svo hratt. Um sé að ræða sérhæft starf og það taki langan tíma að þjálfa upp góðan ráðgjafa. Starfsmenn séu í tímabundnu starfi og bankar að bjóða í starfsmenn með hærri launum. Með nýju embætti segist ÁSH sjá fleiri tækifæri. Stóra vandamálið sé mannekla.

BþB bendir á að það sé ekki inni í myndinni að tvöfalda mannaflann. Það sé mögulegt að fjölga um einhverja einstaklinga og nýta aðkeypta þjónustu. Hann spyr hvort ÁSH líti þannig á að það þurfi ekki að breyta einhverjum verkferlum? Hvort ekki þurfi að breyta forgangsroðum eða einhverju öðru til að auka afköstin?

ÁSH segir að ekki megi slá mikið af faglegum kröfum. Ráðgjafar séu með líf fjölskyldu í höndunum. Ef eigi að vinna málin sem einhverja færibandavinnu, keyra málin áfram sé betur heima setið. En Rstofan hafi verið að vinna að betri verkferlum. ÁSH bendir á að ekki megi gleyma að málin séu orðin miklu flóknari, viðameiri og einstaklingar erfiðari. ÁSH er sammála því að þessi málakúfur sé allt of langur. En það sé mesta furða hvað fólk sé rólegt og ótrúlega skilningsríkt gagnvart ráðstofunni. Bendir jafnframt á að það sé alltaf ráðgjafi með málið og hann sé í stöðugum samskiptum við umsækjanda og hjálpi honum að afla gagna. ÁPÁ spyr hvort ÁSH sjái fram á að mögulegt verði að klára þúsundir mála á næstu mánuðum? ÁSH segir að verið sé að undirbúa verkferla. Finna þurfi einhverjar leiðir. Með nýju embætti þarf að greina mannaflann og finna lausnir.

BþB bendir á að umboðsmaður skuldara þurfi að vera vel inni í því sem lýtur að rekstri embættisins þrátt fyrir að rekstar- eða fjármálastjóri verði til staðar. Hann spyr hvernig ÁSH meti sína færni í því.

ÁSH svarar því að hún hafi verið í Versló og hún fari í gegnum alla reikninga. Þessi mál hafi þó verið ákveðin skúffa í ráðuneytinu. Böðvar hafi séð um rekstraráætlun og funkerað eins og rekstrarstjóri. Hún hafi unnið með Böðvari yfirlit og hafi yfirsýn yfir eyðslu og annað. Það er ekkert sem Ásta hefur áhyggjur af. BþB bendir á að eðlli stofnunarinnar eigi eftir að breytast.

Ekki óeðlilegt að ráðuneytið hafi komið að rekstri Rstofunnar en nú sé um nýja stofnun að ræða og rekstrarábyrgðin sé allt önnur.

ÁSH svarar því að maður þurfi að læra ýmislegt í nýju starfi. Maður læri það sem maður þarf að læra.

GH spyr um reynslu ÁSH í tengslum við samskipti við fjölmiðla.

ÁSH segist hafa átt í ágætis samskipti við fjölmiðla. Hún hafi lært heilmikið á þessum sjö árum. Tekur fram að hún sé ekki fædd í gær og hún viti að í kringum umboðsmann skuldara verði miklu meiri harka.

ASB bendir á að gríðarlegur tími hafi farið í samskipti við fjölmiðla og hagsmunaaðila vegna skuldavandans. Mikill þungi sem eigi að færast yfir til umboðsmanns skuldara. Hún bendir á að nauðsynlegt sé að samskipti við embættið verði þannig að það sé frumkvæðni og það sé jákvætt. En líka viðbrögð ef einhver misskilningur kemur upp. ASB spyr hvort ÁSH sjái leiðir til þess að rækja upplýsingahlutverk á þann jákvæða hátt að hægt sé að vera fyrri til og kynna lausnir.

ÁSH segir að til standi að ráða upplýsingafulltrúa sem sé mjög mikilvægt og það hafi skort. Hún tekur fram að umboðsmaður skuldara sé málsvari skuldara og hann eigi að taka frumkvæði og koma fram ef eitthvað er ábótavant. Stór liður í starfseminni og það mun afla trausts og trúverðugleika. Grundvallaratriði varðandi traust og trúverðugleika að grípa strax til viðbragða. Virkja lögfræðinga til að svara.

ÁPÁ spyr hvernig ÁSH ætli að koma skilaboðunum á framfæri á borgarafundi?

ÁSH bendir á að það hafi ekki verið lognmolla í kringum starf hennar sem forstöðumaður hjá Rstofunni. Hún segir að hún starfi samkvæmt því mottói að ef hún sé með hreina samvisku og komi hreint fram og vinni eftir sinni bestu samvisku hafi ekkert að fela þá.

ÁPÁ spyr hvernig ÁSH sjái skuldamálin þróast á næstum ánuðum?

ÁSH segir að mikil óvissa sé uppi. Sérstaklega í tengslum við gengistryggðu lánin. Löggjöfin um umboðsmann skuldara sé stór þáttur í því hvernig framtíðin verður. Um sé að ræða snjóskafli sem þarf að komast í gegnum. Hún segist bera þá von í brjósti að þeim verði hjálpað sem séu komnir á bjarbrúnina. Viljum ekki gjaldþrot. Frekar greiðsluaðlögun. ÁPÁ spyr hvernig umboðsmaður skuldara muni koma fjármálum fólks í horf. ÁSH segir að það muni reyna á það hvernig fjálsa greiðsluaðlögunin muni ganga. Munu málin fara þar í gegn eða í gegnum þvinganir? Upphafið skipti öllu máli og hvernig takist til með fyrstu málin sem fara í gegn? Hún ítrekar að það verði að vera til staðar hvati fyrir kröfuhafa að fara frekar þá leið en þvinganir. ÁPÁ spyr hvað ÁSH sjái fyrir sér að margir fari í gegnum fjálsu greiðsluaðlögunina? ÁSH telur að það verði mikill fjöldi fólks. Margir séu að bíða. Jafnvel þúsundir manna sem muni fara í gegnum hana. ÁPÁ spyr hvernig verði best að ná henni í gegn? ÁSH segir að það verði að ná hvata. Tengist gjaldi sem verða lögð á fjármálafyrirtæki. Fyrstu tveir þrír mánuðirnir munu skipta sköpum. ÁSH telur að kröfuhafar verði að telja sig njóta sanngirni líka. Gæta verði jafnræðis í ákveðnum tilvikum.

ÁPÁ segir frá máli sem Sparisjóður Vestmannaeyja höfðaði og hefur áfrýjað til Hæstaréttar. Málið lýtur að ábyrgðarmannakerfinu og um er að ræða áttæða konu sem á að bera út vegna ábyrgðar sem hún gekkst í fyrir dóttur sína. Hvað gerir umboðsmaður skuldara?

ÁSH svarar því að hún myndi telja að umboðsmaður ætti að koma til sem málsvari skuldara. Mjög sorglegt dæmi. Rstofan hefur gagnrýnt ábyrgðarmannakerfið í gegnum árin. ÁSH myndi reyna að ná sambandi við sparisjóðinn og ná mannlegri niðurstöðu. Mannlegur harmleikur.

Kröfuhafar eru manneskjur líka. Mörg dæmi þess að hægt sé að ná góðri niðurstöðu. ASB spyr hvort ÁSH myndi hafa frumkvæði að því að grípa til aðgerða? ÁSH svarar því játandi. Segir mannlega þáttinn vera mikilvægan. Það sem henni finnst mest spennandi við málsvarahlutverkið er að geta beitt meiri völdum í þá átt, þykir gaman að hjálpa fólki. Meiri völd til að hjálpa fólki. Hún tekur þó fram að hún geri sér grein fyrir því að þetta sé engin vinsældakosning.

Runólfur Ágústsson kemur næst í viðtal.

ÁPÁ greinir frá því að tveir af umsækjendum hafi verið kallaðir í viðtal og þ.á m. Runólfur Ágústsson. ÁPÁ tekur fram að skuldamálin teljist til erfiðustu verkefna sem stjórnvöld standi frammi fyrir um þessar mundir. Því skipti miklu máli að vel takist til með embætti umboðsmanns skuldara.

Í framhaldi hefja ÁPÁ, Bolli Þór Bollason (BÞB), Anna Sigrún Baldursdóttir (ASB), Guðný Harðardóttir (GH) að spyrja RÁ urninga í tengslum við umsókn hans um embætti umboðsmanns skuldara.

BÞB biður RÁ að lýsa því hvernig hann telji sig fullnægja þeim kröfum sem gerðar eru til þess sem gegnir embættis umboðsmanns skuldara og koma fram í auglýsingu á starfinu.

RÁ tekur fram að hann hafi verið stjórnandi undanfarin 10 ár og sérstaða hans felst í því að byggja upp opinberar stofnanir. Auk þess var hann fulltrúi sýslumanns í sex ár og kom ítarlega að þessum málaflokki. Þar hafi hann öðlast dýrmæta reynslu og á þeim tíma lenti hann í því að úrskurða um kostnað sem lögmenn kröfuhafa voru að krefja skuldara. Hann var fyrsti sýslumannsfulltrúi landsins til að setja þak á þá innheimtu og úrskurða hægri vinstri um innheimtu lögmanna. Þetta var í litlu samfélagi og viðhorf gagnvart skuldurum var annað. Vinnureglan eftir nauðungarsölu var sú að haft var samband við skuldara eða gerðarþola einum til tveimur dögum fyrir uppboð. Þá var tryggt að viðkomandi vissi af uppboði. Í þá daga var ekki gert ráð fyrir að verið væri að vinna að innheimtumálunum með hagsmuni skuldara í huga. Breyting varðandi umboðsmann skuldara. RÁ tekur fram að hann telji sig hafa reynslu sem nýtist í að vinna í málunum út frá hagsmunum skuldara og taka slag við kröfuhafa og þeirra lögmenn. Það verður fyrst og síðast hlutverk þessa embættis. Að gæta hagsmuna skuldara gagnvart kröfuhöfum og þeirra lögmönnum.

BÞB spyr hvers konar karaktereinkenni einstaklingur, sem gegni embætti umboðsmanns skuldara, þurfi að hafa.

RÁ svarar því að viðkomandi þurfi að hafa reynslu sem nýtist við að byggja stofnunina upp til að sinna lagaskyldum sem bíða. Hann telur viðkomandi þurfa að búa yfir áráðni og samhug. Auk þess sé nauðsynlegt að umgangast fólk sem einstaklinga og með ríkri þjónustulund. Greiða þurfi úr þeirra málum með þeim tækjum sem löggjöfin heimilar. Einkunnarorð embættisins ættu að vera: Manngildi og raungildi.

ÁPÁ 500 mál sem bíða.

RÁ tekur fram að lyklatríði sé að fá inn hæft og öflugt starfsfólk. Málin verði ekki unnin nema fólk sér til staðar. Bendir á að það þurfi að byggja stofnunina upp. Þurfi að vinna verkferla þannig að þeir séu sem stystir og taki sem stystan tíma. RÁ tekur fram að gert sé ráð fyrir því í löggjöf að einstaklingar eigi að safna saman sjálfir gögnum. Hann telur þetta ekki vænlega leið til árangurs

Því um sé að ræða fólk sem hafi misst öll tök á sínum fjármálum. Embættið ætti að kalla eftir gögnum rafrænt líkt og þekkest á meðal lögmanna. RÁ tekur fram að hann telji þetta snúast um að búa til starfhæfa stofnun með starfsólki og verkferlum. BÞB tekur fram að fyrir liggi greining á því að til þess að vinna á þessum 500 mála kúfi þurfi að tvöfalda mannafla en það sé ekki inn í myndinni. Hann spyr hvort ekki þurfi að breyta verkferlum frá því sem nú er. Styttu þá og einfalda. Spyr hvort það geti ekki bitnað á gæðum ráðgjafarinnar.

RÁ segir lykilatriðið vera móttöku og ráðgjöf. Hægt sé að úthýsa framhaldinu að töluverðu leyti. Lykilatriði sé að verið sé að vinna réttu störfun. Lögmannsstofur hafa verið að sinna málum sem eru meiri per starfsmann. Áreiðanlega hægt að auka afköst starfsmanna. Um leið og stofnunin fær almennilega kynningu verða 500 mál bara toppurinn á ísjakanum.

ASB: ASB bendir á að gríðarlegur tími hafi farið í samskipti við fjölmiðla og hagsmunaaðila vegna skuldavandans. Mikill þungi sem eigi að færast yfir til umboðsmanns skuldara. Hún bendir á að áreiti geti beinst að embættismönnum persónulega. Spyr hvort RÁ hafi velt því fyrir sér.

RÁ svarar því játandi. Tekur fram að hann hafi lent í því að fá umræðu um persónu sína og það sé ekki þægilegt. Hann hafi helst velt því fyrir sér sem hindrun en lítur á starfið sem spennandi tækifæri og tekur fram að það séu kostir og gallar á öllum störfum. Myndi ekki sækja um starfið ef hann væri ekki tilbúinn til þess. Starfið sé þannig að það geti vonandi orðið mjög gefandi en líka krefjandi og það verði ómögulegt að gera öllum til hæfis. ASB bendir á að fjölmiðlar eigi eftir að spyrja erfiðra og krefjandi spurninga og það þurfi að svara þeim spontant. Spyr hvort RÁ telji sig geta það. RÁ segist vera vanur því úr fyrri störfum. ÁPÁ spyr hver fjölmiðlaprófilll embættisins eigi að vera. RÁ telur að taka þurfi frumkvæði og kynningarherferð sé nauðsynleg. Bæði til að skapa ímynd embættisins og til að upplýsa fólk um réttindi sín. Þannig að fólk sem er í vandræðum viti hvert það getur leitað og hvernig. RÁ bendir á að það þurfi að leggja töluverða fjármuni í það. Stofnunin verði að skapa jákvæðar væntingar. Svo er það stofnunarinnar að stnada undir þeim. Stofnunin þurfi að breyta þeirri hugsun sem er ríkjandi hjá almenningi í þá veru að stjórnvöld séu ekki að gera neitt og fólk sé skilið eftir. Þurfi að breyta þeirri ímynd. Svo þarf að standa undir þeirri ímynd.

ÁPÁ spyr hversu mikla þjónustu fólk eigi að fá.

RÁ svarar því að fólk verði að fá það viðmót að það sé velkomið og tekið á móti því sem einstaklingum og því sýnd virðing. Svo þurfi að setja einhverja verkferla í gang varðandi það að afla upplýsinga. Viðkomandi skuli koma aftur þegar öll gögn eru komin og þá taki við ráðgjöf varðandi það hvað er í boði. Möguleikarnir ráðist væntanlega af samskiptum við banka. RÁ tekur fram að í samskiptum við kröfuhafa þurfi stofnunin að draga einhverja línu. Nauðsynlegt sé að flokka mál inn í kategoríur og marka verkferla. Finna línu í hverjum málafloki og afgreiða sambærileg mál á sambærilegan hátt. Slítk verði erfitt í upphafi á meðan verið er að ryðja frá og skapa það svigrúm sem þarf. Mikilvægt að bankarnir greiði kostnað. Ef þeir verði mjög erfiðir er hægt að bæta við starfsfólki.

BÞB spyr um reynslu RÁ og þekkingu sem snýr að stjórnun stofnunarinnar og uppbyggingu. Um sé að ræða gjörbreytta stofnun. Bæði sé til staðar mikil tímapressa vegna fjölda mála og þeirra væntinga sem eru úti í þjóðfélaginu auk erfiðra mála sem eru í biðstöðu. Gæti sett stofnunina í fjölmiðlafókus.

RÁ svarar því til að ef það sé eitthvað sem hann kunni sé það að byggja upp þjónustu. Tekur fram að stjórnunarferill byrjaði á Bifröst, hann hafi tekið við 100 manna skóla og umbreytt honum. Þá hafi hann umbreytt varnarstöðinni í Keflavík. Byrjaði sem verkefnastjóri og sá til þess að

hlutafélagið Keilir var stofnað. 5 ára markmiði um uppbyggingu hafi náðst á innan við 2 árum. Undanfarið tæpt ár hafi hann verið að vinna fyrir Vinnumálastofnun og atvinnuþryggingasjóði. Það starf hafi tekist mjög vel. Umboðsmaður skuldara sé sambærilegt verkefni en naumari tími og meira krefjandi og erfiðara.

ASB spyr hvernig RÁ lítist á að koma inn í stofnun með fólki sem hefur unnið þarna til lengri tíma. Hvernig náðirðu markmiðinu hjá vinnumálastofnun?

RÁ tekur fram að til staðar hafi verið verkferlar sem hafi þróast í langan tíma og hafi verið í lagi á meðan atvinnuleysi var 2-3%. Bara það að breyta úr bréflægum samskiptum í rafræn (t.d. sms og tölvupóstur). Hann telur það vera lykilatriði að reyna að vinna með stjórnendum og í gegnum stjórnendur með starfsólki að móbilísera fólk. Með unga var hægt að teikna upp ákveðna þörf og virkja starfsfólk. Fékkst aukið fjármagn sem var nýtt til þessara verka. Verkefnið með unga atvinnulausa hefur verið yfirfært á aðra.

ASB spyr hvort það sé eitthvað sem ekki komi fram í lögum sem RÁ vilji beita sér fyrir í embættinu.

RÁ tekur fram að starfsmannahópur hjá Rstofunni sé tiltölulega nýr. Ungt fólk með litla reynslu. Það þurfi að nálgast þennan hóp og nýta þetta fólk sem mest í móttöku og reyna að byggja ofan á hærra standandi starfsfólk. RÁ vonar að fjárhagsramminn geri það að verkum að hægt sé að borga sæmileg laun því þau þurfa að vera á pari við samsvarandi fólk í bankageiranum. Tekur fram að hann hafi ekki reynslu af daglegum rekstri í ríkisgeiranum en það sé nauðsynlegt að fá með honum öflugan rekstrarstjóra og einhvern sem hefur reynslu af starfsmannamálum í hinum opinbera geira. BÞB bendir á að staðan sé sú að þarna starfi tæplega 30 manns sem séu vanir ákveðnum verkferlum. Greinilega þörf á að breyta þeim. Spyr hvort RÁ sé ekkert hræddur við að tækla það? RÁ svarar því til að um sé að ræða tiltölulega nýjan starfsmannahóp. Fólk sem er nýkomið úr námi og það eigi ekki að vera eins erfitt mál að breyta verkferlum og skipulagi eins og þegar fólk hefur unnið árum saman. Nálgunin eigi ekki að vera sú að segja að það hafi verið að gera eitthvað vitlaust og því eigi að gera hlutina öðruvísi. Heldur að segja að hér séu ný verkefni og af því að við erum breytt stofnun þurfum við að breyta öllu. Búa til liðsheid í kringum einhverja sýn um þjónustu og samfélagsmikilvægi.

ÁPÁ spyr hvernig RÁ sjái fyrir sér hinn opinbera prófil umboðsmanns skuldara. Er hann þögull? Talar hann? Hvernig talar US?

RÁ segir að þetta geti verið svolítið trikkí. Dæmi um einstakar stofnanir sem tala of mikið og aðrar sem ekki gefa upplýsingar eða sýn og svara ekki því sem svara þarf. Ímyndarsköpun mikilvæg. Gefa þurfi framtíðarsýn um stöðu stofnunarinnar og tilgang. Hvað snertir einstök svör frá einstaklingum þurfi að svara hratt og vel. Varðandi fjölmiðla megi ekki að vera of mikið eða of lítið. Ekki tilefnislaus ummæli. Fyrst og fremst að koma fram þegar á þarf að halda og svara því ævinlega sem þarf að svara. Vinna náði með ráðuneytinu þannig að unnið sé innan heildarpólisunnar.

ÁPÁ minnst á málið sem Sparisjóður Vestmannaeygja hefur áfrýjað til Hæstaréttar. Spyr hvað umboðsmaður skuldra myndi gera.

RÁ segir að út frá þeim ramma sem markaður er í lögnum um tilgang embættisins myndi umboðsmaður skuldara taka afstöðu með skuldara í þessu máli. Staðan er svona en hún er óheppileg. Gagnvart bönkunum sé það verkefni US að komið sé í veg fyrir að svona mál fari svona langt.

BÞB spyr hvort það sé rétt skilið að RÁ átti sig á þessari stóru breytingu úr hlutlausu stofnuninni yfir í sókn og vörn fyrir hönd skuldara? Blanda af mjúku og hörðu.

RÁ segir regluverkið vera byggt þannig upp að kröfuhafar borgi. Stofnunin sé við hliðina á skuldara en ekki þurfi alltaf að fara í hart en stofnunin verði að vera tilbúin til þess að fara í hart og taka slaginn ef á þarf að halda.

ASB spyr um samskipti við þá sem eru talsmenn skuldara, hagsmunaaðilum. Spyr hvort RÁ hafi velt því fyrir sér?

RÁ segist ekki hafa hugsað mikið um það. En þetta hafi með ímyndarsköpunina að gera. Mjög gott að geta stillt sér upp við hlið þeirra samtaka þegar það er hægt. Sem sé ekki alltaf skynsamlegt. ÁPÁ spyr hvort það sé rétt skilið að RÁ vilji meina að embættið eigi að taka yfir hlutverk talsmanna skuldara? RÁ segist þetta vera tvíþætt. Gæta hagsmuna skuldara með almennum hætti. Gagnvart einstaklingum líka.

BÞB heldur áfram með dæmið um Sparisjóð Vestmannaeyja. Nú er málið komið svona langt og hann spyr hvað RÁ myndi gera sem umboðsmaður skuldara.

RÁ segir að ef sú staða verði uppi að komin sé endanleg lögfræðileg niðurstaða geti umboðsmaður skuldara ekki snúið niðurstöðunni við en geti sgat að niðurstaðan sé óheppileg, ósanngjörn og ekki í þágu hagsmuna skuldara. Embættið muni fara í viðræður við bankana um þetta má og reyna að breyta þannig að fleiri svona mál komi ekki upp.

ÁPÁ bendir á að það sé ták nýrra tíma að verið sé að vinna efnahagsáætlun sem varðar afskriftir skulda. Þó bönkunum finnist það vont þá séu þeir betur settir en ekki. Tekur fram að við verðum að taka það á okkur að gera það til að hafa fyrir þeim vit. Eftir það geti komið til heilbriggt fjármálakerfi.

RÁ tekur undir þetta og segir að megingilgangurinn sé að aðlaga skuldir almennings að greiðslugetu almennings. Bankarnir verði að taka ábyrgð á sínum útlánnum, þeir hafi lánað langt umfram það sem skynsamlegt er og með kjörum sem eru óskynsamleg. Mikilvægt að bönkunum verði gert það sljóst að þetta gangi ekki og þeir verði í ferlinu að taka á sig ábyrgð sem fylgir því að lána fólki fé. Ábyrgð sem sé sterkari í nágrannalöndum.

ASB spyr hvað RÁ telji að gerist á næstu mánuðum í tengslum við skuldavandann.

RÁ segir verkefið vera það að taka einstaklinga sem eru í vanda á færibaldi í gegnum kerfið og aðstoða þá. Afskrifa skuldir að því marki sem fólk ræður við.

ASB spyr um reynslu RÁ sem snýr að rekstri.

RÁ segist hafa stýrt fyrirtækjum sem hafa verið að velta miklu með fjölda starfsmanna.

ÁPÁ spyr RÁ að því hvernig hann muni tækla 300 manna borgarafund.

RÁ telur nauðsynlegt að halda ró sinni og reyna að ná til fólks fáum og sterkum skilaboðum. Bendir á að stundum hafi maður ekki svör við öllu. Aðalmálið sé að hafa skilaboðin og framtíðarsýnina í einföldum orðum. Að hlutirnir verði leystir og vandamálum verði sinnt. Lítið annað hægt að gera en að koma þessum skilaboðum á framfæri þó viljinn sé ekki til að meðtaka þau. BÞB bendir á að meirihluti þeirra sem mæta á borgarafundi vill ekkert heyra um framtíðina. RÁ segir að þetta sé spurning um hvort þú getir höfðað til einstaklinga í hópnum og jafnvel þó

fólkið hafi enga framtíðarsýn og allar brýr að baki brenndar er hægt að segja: Þið getið komið í viðtal og það verður allt gert fyrir ykkur eins og fyrir alla aðra.

Sigrún Jana Finnbogadóttir ritaði fundargerð.

Félags- og tryggingamálaráðuneytið
Db. 032-3 Fskj.
Mótt. 03 AUG 2010
Ábm. DBB, BM, HMP, SJF
Svarfr. 100
Málsnr. FEL 10070083

Félags- og tryggingamálaráðherra
Hafnarhúsinu við Tryggvagötu
Reykjavík.


Efni: Krafa um rökstuðning fyrir ákvörðun um skipun í embætti umboðsmanns skuldara.

Eins og kunnugt er sótti ég um embætti umboðsmanns skuldara en fyrir liggur að Runólfur Ágústsson hefur verið skipaður í það embætti. Með vísan til 21. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 er þess krafist að ráðherra rökstyðji skriflega þá ákvörðun að skipa Runólf í embættið og hafna um leið umsókn minni.

Þá er þess krafist með vísan til 15. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 að mér verði afhent öll gögn er varðar skipun í embættið, m.a. svokallað hæfismat, umsókn og ferilskrá þess sem skipaður var í embættið, fundargerðir funda ráðherra með mér og þeim er skipaður var í embættið, o.fl.

Þess er krafist að rökstuðningur og gögn málsins verði send mér hið allra fyrsta og eigi síðar en 10. ágúst nk.

Reykjavík, 29. júlí 2010.


Ásta Sigrún Helgadóttir